

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 7. apríl 2025
202503-0202/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum – Umhverfismatsskýrsla - Ofanflóðavarnir á Seyðisfirði Skipulagsstofnun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 13. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um ofangreinda umhverfismatsskýrslu.

Framkvæmdalýsing

Í erindinu kemur fram að áformað er að reisa ofanflóðavarnir á Seyðisfirði undir hlíðum Strandartinds með það að markmiði að bæta öryggi Seyðisfjarðar gagnvart ofanflóðum. Neðan Botnabrúnar samanstanda varnargarðar af þvergörðum, leiðigörðum og setþróum. Þessar varnir eiga að koma í veg fyrir að flóð og skriður af Botnabrún renni fram og nái að byggð og öðrum mannvirkjum. Varnargarðarnir neðan við Botnabrún, rétt ofan við byggð, sem hér eru til umfjöllunar eru sex talsins. Garðarnir fylgja núverandi legu bráðavarnargarða að mestu leiti. Hluti aðgerða ofan Botnabrúnar miði m.a. að því að auka stöðugleika jarðlaga með því að halda vatnsstreymi frá svæðinu, létta á þrýstingi jarðvatns og hægja á eða hindra hægfara hreyfingu jarðefna fram að brúninni.

Ásýnd – Landslag

Náttúruverndarstofnun tekur undir að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á ásýnd og landslag og tekur Náttúruverndarstofnun undir að mikilvægt sé að hugað vel að uppgræðslu lands, skógrækt og vandaðri landmótun þar sem garðar eru felldir að landi.

Votlendi og Búðararfoss

Í greinargerð (bls. 24) kemur fram að innan framkvæmdasvæðisins sé eitt votlendissvæði sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærinum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Í greinargerð kemur fram að ekki verður rask á jarðminjum sem njóta verndar en búast má við því að sýn spillist að Búðararfossi frá byggð að einhverju leyti. Náttúruverndarstofnun bendir á að fossar falla undir b. lið 2. mgr. í 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en þar segir að vernda skuli fossa og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki.

Samkvæmt mynd 12.15 hefur verið reynt að tryggja ásýnd/sjónlínu á fossinn frá göngustígnum upp að fossinum sem Náttúruverndarstofnun telur vera jákvætt. Að mati Náttúruverndarstofnunar ætti að setja í skilmála að ekki skuli gróðursetja furu, ösp og grenitré og önnur hávaxin tré.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Náttúruverndarstofnun telur að það komi ekki nægilega skýrt fram í greinargerð hvaða leiðir verða farnar til að raska ekki votlendi og hvaða mótvægisáðgerðir verða notaðar ef til röskunar kemur. Mótvægisáðgerðum í formi endurheimtar votlendis ætti að vera lýst ítarlega í vöktunaráætlun framkvæmdar að mati Náttúruverndarstofnunar, þar sem tilgreint er m.a. samráð við sérfræðinga votlendisendurheimtar við ákvörðun á staðsetningu, aðferðum og umfangi þess.

Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi eða svæðum undir sérstakri vernd er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð.

Fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að með fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu á og í nágrenni Neðri Botna í Seyðisfirði má reikna með talsverðum áhrifum á fuglalíf og er viðbúið að áhrifin verði óafturkræf fyrir sumar tegundir.

Náttúruverndarstofnunar tekur undir að fuglar hafi ógrynni af sambærilegum búsvæðum allt í kring. Bestu búsvæðin eru fyrst nýtt og það er samkeppni á milli einstaklinga um þau. Það að hrekja fugla af sínum búsvæðum þýðir að þeir þurfa að finna búsvæði annarstaðar og þá í harðri samkeppni við þá fugla sem fyrir eru. Það að skerða búsvæði skerðir ávallt líffræðilega fjölbreytni, jafnvel þó að menn telji nóg af einhverju sambærilegu.

Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem

njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar. Því ættu ofangreind lög að vera sem viðmið að mati Náttúruverndarstofnunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Þar af leiðandi er mikilvægt að mati Náttúruverndarstofnunar m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma. Í því samhengi má benda á að það sé tekið fram í meginmálstexta um mótvægisaðgerðir í samantekt greinargerðarinnar á bls. 6 en vantar í efri töfluna á bls. 7 um mótvægisaðgerði og þar af leiðandi vantar upplýsingar um tímasetningu og ábyrgð. Ekki væri heldur úr vegi að bæta fuglalífsvöktunum á vöktunaráætlun á umhverfispáttum vegna framkvæmda (neðri tafla á bls. 7).

Gróðurfar - Mótvægisaðgerðir

Í greinargerð segir að uppgræðsla verði með staðargróðri og endurheimt skógræktar. Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðisstofnunar er mikið um lúpínu á framkvæmdarsvæðinu og tekur stofnunin undir ábendingar Náttúrufræðistofnunar að mikilvægt sé að sporna við enn frekari útbreiðslu lúpínu á þeim svæðum sem raskað verður.¹

Að mati Náttúruverndarstofnunar ætti að setja í skilmála að ekki skuli gróðursetja furu, ösp og grenitré. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að notaður sé viðeigandi grenndargróður og gróðursettar verði innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, gulvíðir eða loðvíðir.²

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur

¹ <https://skipulagsgatt.is/files/eb37ff76-f5f0-406d-b66c-718d516bbf73>

² <https://www.namur.is/efnisvinnsla-og-fragangur/uppgraedsla/>